

# Fjölbrautaskólinn við Ármúla



Kennslu- og áfangamat á vorönn 2023

## Inngangur

Kennslu- og áfangamatið er einn liður í lögboðnu innra mati Fjölbrautaskólans við Ármúla og er það lagt fyrir á hverri önn. Matið var lagt fyrir á Innu dagana 14. apríl til 12. maí 2023. Alls var könnunin lögð fyrir 52 hópa sem 19 kennarar kenndu. 861 nemandi hafði kost á að svara. Svarhlutfall var tæplega 45% (386 af 861).

Kennslu- og áfangamatið innihélt 13 spurningar; spurningalistann má í heild sinni sjá í viðauka A. Fyrstu tíu spurningarnar voru krossspurningar á Likert-kvarða þar sem svarmöguleikarnir voru: Mjög sammála, frekar sammála, á ekki við/veit ekki, frekar ósammála og mjög ósammála. Þessar tíu viðhorfsspurningar má flokka í þrjá flokka:

1. Mat á áfanganum sjálfum (þrjár spurningar: 2, 4 og 10)
2. Mat á kennslunni í áfanganum (fimm spurningar: 1, 5, 6, 8 og 9)
3. Mat á viðhorfi og framlagi nemandans (tvær spurningar: 3 og 7).

Þessu til viðbótar gafst nemendum kostur á því að gefa kennaranum einkunn á bilinu 1-10 (spurning 11) og loks að benda á það sem betur mætti fara (spurning 12) og best væri við áfangann (spurning 13).

Ábyrgðin á framkvæmdinni var á hendi skýrsluhöfundar (gæðastjóra skólans). Framkvæmdin fór þannig fram að eftir að könnunin var gerð aðgengileg nemendum á Innu, þá sendi gæðastjóri vikulega tölvupósta til þess að áminna kennara og hvetja þá til að leggja matið fyrir í kennslustundum. Í síðustu vikunni var hvatningarpóstur sendur beint á nemendur.

Þegar frestur til þess að svara rann út fór skýrsluhöfundur yfir öll skrifleg svör til að kanna hvort þau væru mögulega meiðandi. Ekkert svar reyndist vera þannig; eftir það voru niðurstöður hvers hóps gerðar aðgengilegar kennurunum 19.

Markmiðið með kennslu- og áfangamati er að

- gefa kennurum færi á reglulegri endurgjöf í starfi sem gagnast þeim við að ígrunda kennsluna
- gefa nemendum færi á því að hafa rödd í skólanum og ígrunda sitt nám.
- gefa skólastjórnendum færi á að heyra skoðanir nemenda á skólastarfinu
- safna reglulega gögnum um skólastarfið
- skoða kerfisbundið áfanga og nám við skólann með það að markmiði að geta bætt starfið

Nú hafa allir kennarar skólans farið í gegnum kennslumat í síðasta lagi vorið 2022. Það er í samræmi við gæðamarkmið skólans.

Kennslukönnunin á aldrei að vera eini mælikvarði á kennsluna og getur í besta falli gefið vísbendingar sem skólinn þarf svo að kanna nánar.

Þátttakan í ár var nokkuð á pari við undanfarnarnar annir en heldur dræm (44,8%). Sérstaklega var þátttakan slæm í heilbrigðisgreinum (nuddgreinum). Almennt þarf að lyfta þáttökunni í nær öllum hópum ef skólanum á að takast að hækka þáttökuhlutfallið að ráði. Erfitt er að bera þáttöku AM-nemenda saman við aðra hópa þótt hún virðist lítið eitt verri.

Einkunnir sem nemendur gáfu vorið 2023 voru að meðaltali með lægsta móti hvort sem lítið er til einkunnagjafar til kennara (spurningar 11) eða spurninga á Likert-kvarða. Ein námsgrein skar sig úr varðandi svartsýni nemenda á að námið nýttist þeim í framtíðinni. Sú námsgrein er kölluð X í textanum. Ánægðastir eru nemendur með viðmót kennara og námsaðstöðu.

Há fylgni er á milli meðaleinkunna innan hópa í spurningum 1-11. Hæst fylgni milli meðaleinkunnar kennara innan hóps er við ánægju nemenda með viðmót kennarans. Þá er nemendum er tíðrætt um kennarana þegar þeir eru spurðir um hvað þeim þyki best við áfangana.

## Úrtakið

Við val á úrtaki þarf bæði að horfa til þess að matið er endurgjöf á kennslu kennara og áfangann sem slíkan. Enginn af kennurunum sem kenndu hópunum höfðu farið í gegnum kennslumat við skólann á árinu 2022. Eftirfarandi hópar voru setti í áfanga- og kennslumat (tölur 1, 2 og 3 settar þar sem mörgum hópum er kennt í sama áfanga)

ENSK1BF05	MYNL1MG05 (1)	SPÆN1AU05	ÍSLE2GM05 (1)
ENSK3RO05	MYNL1MG05 (2)	VEFL3VT05	ÍSLE2GM05 (2)
FEMP2FH05	MYNL1MG05 (3)	ÍSAN2BS05	ÍSLE2HM05
FÉLA2KE05	MYNL2TA05	ÍSAN2GM05 (1)	ÍSLE3BÓ05 (1)
FÉLV1IF05 (1)	MYNL3LS05	ÍSAN2GM05 (2)	ÍSLE3BÓ05 (2)
FÉLV1IF05 (2)	MYNL3PF05	ÍSAN3BÓ05	ÍSLE3NB05
FÉLV1IF05 (3)	ORKM3OM05	ÍSAN3NB05	ÍSTA1AF05 (1)
HEIN3HN05	RAUN1LE05	ÍSLE1GR05 (1)	ÍSTA1AF05 (2)
KINE3KP04	SPÆN1AF05 (1)	ÍSLE1GR05 (2)	ÍSTA1AF05 (3)
KVMG1ST05 (1)	SPÆN1AF05 (2)	ÍSLE1UN05	ÍPNT3ÍT05
KVMG1ST05 (2)	SPÆN1AG05 (1)	ÍSLE2BS05 (1)	ÞÝSK1AF05
KVMG2SJ05	SPÆN1AG05 (2)	ÍSLE2BS05 (2)	ÞÝSK1AG05
LJÓS2SM05	SPÆN1AG05 (3)	ÍSLE2BS05 (3)	ÞÝSK1AU05

Hóparnir 52 mátti flokka þannig milli námsgreina

Námsgrein	Fjöldi hópa
Enska	2
Félagsfræði	4
Kvikmyndagerð	3
Ljósmyndun	1
Myndlist	7
Nuddgreinar	5
Raunvísindi	1
Spænska	6
Íslenska	12
Íslenska sem annað tungumál (Íslenska (AM))	5
Íslenskt talmál	3
Þýska	3

Hópaskipting milil bóknáms og verknáms var nokkurn veginn sú sama og hún er í skólanum.

Námsgrein	Fjöldi	Fjöldi (%)	Bóknám/Verknám
Bóknám	36	69%	69%
Listgreinar	11	21%	31%
Heilbrigðisgreinar	5	10%	


Níu hópar tilheyrðu áföngum sem sérstaklega eru fyrir AM-nemendur. Það eru ÍSAN- og ÍSTA-áfangar auk ENSK1BF05.

Tegund áfanga	Hópar
AM-áfangar	9 (17,3%)
Aðrir	43 (82,7%)

## Þátttaka

Þátttaka í kennslukönnuninni vorið 2023 var 44,8% (meðaltal reiknað af öllu úrtakinu) sem er á pari við undanfarnar annir. Mest var þátttakan í einstaka hóp 76% en minnst 8%. Fyrstu fjórðungamörk í þátttöku hópanna voru 34,6%, önnur fjórðungamörk 45,5% og þriðju fjórðungamörk 52,2%.

### Þátttaka hópa í áfanga- og kennslumati vorið 2023




### Þátttaka eftir námsgreinum

Hér fyrir neðan má svo sjá þátttöku í kennslumati eftir námsgreinum.

Námsgrein (fjöldi hópa)	Þátttaka (%)
Enska (2)	43
Félagsfræði (4)	47
Kvikmyndagerð (3)	56
Ljósmyndun (1)	67
Myndlist (7)	45
Nuddgreinar (5)	11
Raunvísindi (1)	45
Spænska (6)	47
Íslenska (12)	48
Íslenska (AM) (5)	41
Íslenskt talmál (3)	35
Þýska (3)	55


Mikil dreifni er í þátttöku innan námsgreina eins og eftirfarandi mynd ber með sér



Þegar einstaka kennarar eru skoðaðir munaði mest 48% á þátttöku hópa hjá sama kennara og mest 40% milli hópa í sama áfanga.


### Þátttaka eftir bóknámi, list- og heilbrigðisgreinum

Þátttaka í nuddgreinum/heilbrigðisgreinum var mun slakari en listgreinum og bóknámi. Að meðaltali var þátttakan í nuddgreinum 11% en 46% í bóknámi og 50% í listgreinum.




### Þátttaka AM-nemenda

Þátttaka í hópum AM-nemenda og annarra var að jafnaði sá sami en heldur minni dreifni. Að meðaltali var þátttaka í hópum AM-nemenda 40% en 44% í öðrum hópum.



## Þátttaka fyrr og nú

Þátttakan vorið 2023 var engu að síður betri en haustið 2022 og lítið eitt verri en annirnar þrjár þar á undan. Þátttaka í kennslu- og áfangamati hefur ekki náð sömu hæðum og annirnar þrjár fyrir heimsfaraldur vegna covid-19.



Kennslu- og áfangamat var ekki haldið vorið 2020 vegna heimsfaraldurs.

## Til umhugsunar um þátttöku

Hvað er hægt að gera til þess að ná upp betri þátttöku en 44,8% í áfanga- og kennslumati? Skólinn hefur haft það markmið að þátttaka verði um 60% í kennslu- og áfangamati. Er hægt að ná því markmiði með því að bæta þátttöku í þeim hópum þar sem þátttakan er verst? Þrjú tilvik voru tekin fyrir; lágmarkspátttöku var lyft upp í 30%, 40% og loks 50%.

Lágmarkspátttaka í hópum	Þáttökuhlutfall sem meðaltal hópa að öðru óbreyttu
30%	45,4%
40%	48,1%
50%	53,3%

Ljóst er að á brattann er að sækja. Það er ekki nóg að lyfta upp lágmarkspátttöku í hópum til þess að ná markmiðum skólans heldur þarf að lyfta þátttöku í nær öllum hópum. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þriðju fjórðungamörkin í þáttökuhlutfalli eru 52,2% sem segir okkur að 75% allra hópa eru a.m.k. 8% frá 60% þátttöku.




## Niðurstöður spurninga 1-10

Hér voru allar spurningar settar fram á Likert-kvarða. Svarkostirnir voru: Mjög sammála (4), frekar sammála (3), frekar ósammála (2), mjög ósammála (1) og Á ekki við/veit ekki (0). Svarendur voru 386 en í einhverjum tilfellum bárust fleiri svör en það. Það stafar af því að einn áfangi var kenndur af tveimur kennurum og í spurningum 1, 8 og 9 gátu nemendur svarað spurningum fyrir báða kennarana.


Spurning 1: Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni

Mjög sammála	159
Frekar sammála	147
Frekar ósammála	38
Mjög ósammála	29
Á ekki við/veit ekki	14
<b>Alls</b>	<b>387</b>




Spurning 2: Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar

Mjög sammála	185
Frekar sammála	106
Frekar ósammála	55
Mjög ósammála	20
Á ekki við/veit ekki	15
<b>Alls</b>	<b>381</b>




Spurning 3: Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans

Mjög sammála	131
Frekar sammála	153
Frekar ósammála	63
Mjög ósammála	20
Á ekki við/veit ekki	17
<b>Alls</b>	<b>384</b>




Spurning 4: Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður?

Mjög sammála	191
Frekar sammála	138
Frekar ósammála	31
Mjög ósammála	12
Á ekki við/veit ekki	11
<b>Alls</b>	<b>383</b>




Spurning 5: Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum

Mjög sammála	171
Frekar sammála	112
Frekar ósammála	43
Mjög ósammála	21
Á ekki við/veit ekki	35
<b>Alls</b>	<b>382</b>




Spurning 6: Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans

Mjög sammála	179
Frekar sammála	133
Frekar ósammála	49
Mjög ósammála	6
Á ekki við/veit ekki	15
<b>Alls</b>	<b>382</b>




Spurning 7: Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi

Mjög sammála	150
Frekar sammála	109
Frekar ósammála	56
Mjög ósammála	54
Á ekki við/veit ekki	14
<b>Alls</b>	<b>383</b>




Spurning 8: Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr

Mjög sammála	214
Frekar sammála	111
Frekar ósammála	37
Mjög ósammála	21
Á ekki við/veit ekki	6
<b>Alls</b>	<b>389</b>




Spurning 9: Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér

Mjög sammála	234
Frekar sammála	94
Frekar ósammála	27
Mjög ósammála	19
Á ekki við/veit ekki	13
<b>Alls</b>	<b>387</b>



Spurning 10: Þessi áfangi er vel skipulagður

Mjög sammála	187
Frekar sammála	117
Frekar ósammála	46
Mjög ósammála	23
Á ekki við/veit ekki	9
<b>Alls</b>	<b>382</b>



### Til umhugsunar um spurningar 1-10

Almennt má segja að nemendur séu ánægðir (Mjög sammála eða frekar sammála staðhæfingum). Jákvæðastir eru nemendur í afstöðu sinni gagnvart spurningum 4 og 9 en þær snúa að námsaðstöðu og viðmóti kennara gagnvart þeim.

Spurning	Jákvæðir (Mjög sammála eða frekar sammála)
4	88%
9	88%
6	85%
8	85%
1	82%
5	81%
10	81%
2	80%
3	78%
7	71%

Neikvæðastir eru nemendur gagnvart spurningum 3 og 7 sem snúa að þeirra eigin undirbúningi (3) fyrir kennslustundir og hvort þeir telji námið nýtast sér í framtíðinni (7).

Rýnt í spurningu 7: Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi

Skýrsluhöfundur þótti eðlilegt að rýna nánar í spurningu 7. Til þess að gera það þá er gott að nota þau tölulegu gildi sem Inna gaf hverjum svarmöguleika.

Svarmöguleikar	Tölulegt gildi
Mjög sammála	4
Frekar sammála	3
Frekar ósammála	2
Mjög ósammála	1
Á ekki við/veit ekki	0

Hér er vandamálið það að hlutlausasta svarinu er gefið gildi 0 sem er lægra en neikvæðu svörin. Í ljósi þessa og hve fá þau svör voru var þeim sleppt þegar meðaleinkunnir voru reiknaðar í þessari rýni.

Þegar meðaleinkunnir svara úr spurningum 1-10 voru reiknaðar þá reyndust nemendur í einni námsgrein (X) neikvæðari en í öðrum.

Þegar þeir eru bornir saman við allt úrtakið þá kemur í ljós að 83% annarra nemenda eru jákvæðir (frekar sammála eða mjög sammála) þegar þeir eru spurðir hvort námið nýtist í framtíðinni á móti einungis 36% í námsgrein X.

Svarmöguleikar	Námsgrein X	Aðrir
Mjög ósammála	39%	6%
Frekar ósammála	25%	11%
Frekar sammála	23%	32%
Mjög sammála	13%	51%

Þar sem jákvæð fylgni er milli spurningar 7 og spurninga 1-6 og 8-11 upp á að minnsta kosti 0,45 (sjá viðauka B) þá leiðir þessi niðurstaða til þess að einkunnagjöf í námsgrein X er að meðaltali lægra en meðaltal alls úrtaksins.

### Samanburður við fyrri annir

Svörin úr spurningum 1-10 hafa að meðaltali verið nokkuð stöðug í gegnum árin. Að meðaltali er útkoman 0,1-0,2 verri heldur en á haustönn 2022 en lítið eitt lakar væri nemendum í námsgrein X sleppt. Meðaltal hvers svars er á milli 3 og 4 sem segir að nemendur eru að jafnaði frekar jákvæðir gagnvart kennslunni.

Best virðist útkoman í samanburði við fyrri ár vera í þeim flokki spurninga sem snúa að mati áfangans.

Leggðu mat á áfangann	H19	H20	V21	H21	V22	H22	V23
Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.	3,5	3,5	-	3,4	3,4	3,5	3,4
Þessi áfangi er vel skipulagður	3,4	3,3	3,5	3,3	3,3	3,4	3,3
Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar	3,4	3,4	3,5	3,3	3,4	3,4	3,2
Meðaltal	3,4	3,4	3,5	3,3	3,4	3,4	3,3

Varðandi þær spurningar sem snúa að kennslunni sjálfri þá er útkoman aðeins verri í samanburði við haustönn 2022 en alveg á pari við vorönnina sama ár.

Leggðu mat á áfangann	H19	H20	V21	H21	V22	H22	V23
Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér	3,6	3,6	3,6	3,6	3,5	3,6	3,5
Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	3,4	3,5	3,5	3,4	3,4	3,5	3,4
Kennari setur reglulega tilkynningar, kennslufni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans	3,5	-	-	3,4	3,3	3,5	3,3
Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	3,4	3,3	3,4	3,4	3,3	3,4	3,2
Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni	3,2	-	-	3,2	3,2	3,4	3,2
Meðtaltal	3,4	3,5	3,5	3,4	3,3	3,5	3,3


Þegar kemur að þeim spurningum sem snúa að nemendum sjálfum þá er lækkunin einna mest. Þessi lækkun skýrist af mestu af afstöðu nemenda í námsgrein X.

Viðhorf og framlag	H19	H20	V21	H21	V22	H22	V23
Ég mæti vel undirbúin í kennslustundir áfangans	3,5	3,5	-	3,4	3,1	3,3	3,1
Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi	3,3	3,3	3,5	3	3,2	3,3	3
Meðtaltal	3,4	3,4	3,5	3,2	3,2	3,3	3,1


Í viðauka B og C er að finna upplýsingar um fylgni milli einstaka spurninga. Það er talsvert jákvæð fylgni milli nær allra spurninganna (0,5-0.6) sem þýðir að ánægja/óánægja sem kemur fram í einni spurningu smitast yfir á hinar.

### Kennaraeinkunn og þróun síðustu anna

Í spurningu 11 gafst nemendum færi á að gefa kennurum sínum einkunn á bilinu frá 1 til 10. Meðaleinkunn reiknuð yfir allt úrtakið var 8,0 og miðgildið 9,0. Á haustönn 2022 var meðaltalið 8,57 en miðgildið 9. Nemendur gefa kennurum skólans góða einkunn þótt meðaleinkunn kennara hafi sigið talsvert miðað við haustönnina. Einkunnadreifing annanna má svo sjá á næstu síðu. Bláu súlurnar eru einkunnahlutfall á haustönnina 2022 en þær appelsínuglu fyrir vorönn 2023.



Í samanburði við fyrri annir þá er meðaleinkunn kennara (spurning 11) nokkuð lægra en áður. Það skýrist af einhverju leyti af óánægju sem kemur fram hjá nemendum í námsgrein X. Aðrar skýringar gætu legið í mati á einstaka kennurum. Þessi skýrsla er ekki vettvangur til rýni á einstaka kennurum.





## Meðaleinkunn kennara hvers hóps (sjá mynd í síðasta kafla)

Þegar meðaleinkunn kennara í hverjum hópi er skoðuð þá kemur fram þá er mest fylgni milli meðaleinkunnar kennara og meðaleinkunnar kennara í spurningum 8 (0,86) og 9 (0,89) (sjá viðauka B); þær hafa að gera með skýrleika í útskýringum og fyrirmælum og svo viðmót kennarans. Einnig er sterk fylgni milli meðaleinkunnar kennara í spurningu 11 og spurningar 5 (0,8) sem snýr að því hvort nemendum finnst þeir fá próf og verkefni til baka þeim leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum. Þetta geta kennarar notað sem upplagg til ígrundunar á sinni kennslu.

## Raddir nemenda

Í tveimur síðustu spurningunum gafst nemendum færi á því að segja hvað þeim þótti best og hvað þeim fannst að mætti laga.

- Spurning 12: Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
- Spurning 13: Hvað finnst þér best við áfangann?

Mun færri svörðu þessum spurningum en spurningum 1-11; 58% svörun (223 af 386) í spurningu 12 en 48% (187 af 386) í spurningu 13. Skýrsluhöfundur marglas spurningarnar, taldi orð, flokkaði spurningar og breytti flokkuninni eftir því sem þurfa þótti. Þessi flokkun er ekki vísindaleg en góð fyrir skýrsluhöfund til að fá tilfinningu fyrir svörum nemenda. Það sem að skýrsluhöfund þótti áberandi var að nemendur persónugerðu jákvæðar athugasemdir um kennslu og annað í persónu kennarans. Nöfn kennara birtast nánast aldrei í svörum við spurningu 12 en all oft í svörum við spurningu 13.

Spurning 12: Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.

14% af 386 svarendur svöruðu á þá leið að ekkert þyrfti að laga eða þeir vissu það ekki. Nemendur eru kvörtuðu yfir kennslunni (verkefnum, skipulagi, notkun kennara á Innu og Moodle, kennsluaðferðum, námskröfum, tímaskorti í verkefnum, ...). Einhverjir eru áhugalausir um það sem verið er að kenna. Enginn kvartaði yfir að vinnufriður væri slæmur sem er gott út af fyrir sig.

Hér fyrir neðan gefur að líta nokkur svör nemenda með þeirra eigin orðum. Það er verið gagnrýna kennslu og kennsluaðferðir, námsmat, hvað verið er að kenna og hvernig kennt er:

- *Mér finnst það gæti verði öðruvísi kennslu aðferðir í þessu áfanga skemmtilegri verkefni einhvað sem er skemmtilegt að gera eins og hópverkefni(það fynnst ekki öllum það skemmtilegt) eða plaköt myndbönd eða bara tal hopar þér sem við getum*

*hjápaðs að(kannki fyrir þá sem er ekki fatta hvað er að gerast)áfanginn er vel skipulagður Námsefnið er of mikið ég veit að það er mikil vægt að læra um Íslendingasögur og svoleiðis en þetta er bara of mikið það væri gaman að sjá áfanga með nútíma íslensku í kjarnanum í staðinn fyrir ein af þessum árangum um gamla tíman til dæmis hvernig við getum varðveit íslenskuna öll nýu orðinn í íslensku Námsmatið finnst mér vera fínt en gettur verið miklu betra 2-5% í sýningarferð á skóla tíma finnst mér vera kjaftæði þar sem við erum öll í örum tímum og getum kannski ekki sleft einum tíma eða erum í prófum eða einhvað slígt líka það að meðaleinkunn í flestum prófum er 3 eða 4 finnst mér segja að einhvað þarf að breytast Að lokum þá vil ég bara segja að ég vil sjá einhverja breytingu*

- *Námsefnið er óspennandi og kennarinn setur það ekki einu sinni upp á spennandi hátt ég finn engann metnað frá kennaranum til að kenna né metnað til velgengis nemenda Áfanginn sjálfur gegnur mjög mjög mikið út á "sjálfstæð vinnubrögð" en við erum í staðnámi þá á ekki að kenna áfanga eins og hann er í fjarnámi með einugnis verkefnatímum það þurfa að vera hópaverkefni skapandi verkefni í staðin fyrir endalaus próf og bara gera þennann áfanga eins og hann sé kenndur í nútímanum það þarf að uppfæra mjög mikið í þessum áfanga og kennarinn þarf að uppfæra sína kennsluhætti*
- *að hann mætti útskyra hlutina miklu betur og bæði útskýra íslensku og ensku því það er ekki bara íslenskir nemendur*

Síðasta spurningin er krafa um kennslu á ensku og íslensku sem verður háværingi eftir því sem nemendum af erlendu bergi brotnu fjölgar.

### Spurning 13: Hvað finnst þér best við áfangann?

4,5% af 386 svarenda svörðu á þá leið að ekkert væri best eða þeir vissu það ekki. Nemendur eru að hrósa fyrir kennslu, verkefni, skipulag, sveigjanleg verkefnaskil og mjög margir eru ánægðir með það sem verið er að kenna. Margir eru ánægðir með félagana, samveruna, samræðurnar og finnst gott andrúmsloft í tímum.

Hér eru nokkur dæmi um svör við þessum spurningum birt með þeirra eigin orðum:

- *mér finnst kennarinn jákvæður og alltaf til í að hjálpa nemendum í að gera betur í áfanganum*
- *Skemmtileg kennsla og samnemendur mínir*
- *X kennari hún er mögulega besti kennarinn til að kenna þýsku - og örugglega aðra áfanga líka Hún er ekki bara að kenna til að kenna heldur kennir hún þannig að hún sýni að hana langar að hjálpa manni 100% og lætur mann skilja Hún er frábær*
- *Aðallega var það Egluferðinn það gaf mér miklu meiri áhuga í áfanganum og tengt viðfangsefninu Svo var líka æðislegt með slideurnar þær hjálpuðu mér gríðarlega mikið*
- *Æðislegur kennari alltaf gaman að mæta... Þegar maður mætir sem sagt Vissi ekki að ég hafði áhuga á félagsvísindum fyrr en ég fór í þennan áfanga hjá honum*

## Niðurstöður og atriði til umhugsunar

Almennt virðast nemendur ánægðir með námið í skólanum (sjá kökumyndir). Ánægjan virðist mikil með kennarana. Þrátt fyrir lækkun miðað við undanfarnar annir þá fá kennarar skólans háa meðaleinkunn. Kennararnir eru oftast nefndir þegar nemendur segja hvað þeim þótti best við áfangana.

Hér verða þó nefnd nokkur atriði til umhugsunar.

- Það þarf að skoða hvernig auka megi þátttöku í kennslumati. Það virðist ekki vera nóg að skoða bara verstu hópana ef skólinn á að ná þátttökunni uppi í 60%. Það þarf að lyfta þátttöku allra hópa.
- Það þarf að passa upp á þátttöku heilbrigðisskólans í kennslumati. Hún er allt of lág og synd í ljósi þess að þau svör sem bárust endurspegluðu ánægju nemenda með áfangana.
- Skoða þarf verklag við framkvæmd kennslukönnunar. Það er ekki nóg að senda kennurum reglulega áminningar í tölvupósti.
- Könnunin sker ekki úr um það hvort þáttaka AM- nemenda sé betri eða verri en hjá öðrum nemendum. Áfram þarf að fylgjast með þátttöku þeirra í áfanga- og kennslumati og öllu skólastarfinu. Upp komu vangaveltur um að þýða kennslukannanir á önnur tungumál en íslensku.
- Nemendur í námsgrein eru óvenju svartsýnir þegar spurt er hvort námið nýtist þeim í framtíðinni. Kennarar í þeirri grein vita nú þegar af þessum niðurstöðum og nýta til ígrundunar á kennslunni.
- Sterk jákvæð fylgni (> 0,6) er á milli margra meðaleinkunna í hverjum hópi í spurningum 1-11 og stundum mjög sterk (> 0,8). Það þýðir að óánægja sem kemur fram í einni spurningu smitast gjarnan yfir á aðrar niðurstöður. Þetta kom skýrt fram í niðurstöðum varðandi námsgrein X.
- Skýrsluhöfundur þótti ekki rétt að kafa nánar ofan í skýringar á því einkunnagjöf til kennara (spurning 11). Þess í stað treyst á það að kennarar noti þennann þátt til ígrundunar, t.d. vegna starfsmannaviðtala.
- Meðaleinkunnir kennara í spurningu 11 hafa mesta fylgni við meðaleinkunnir hópanna sem þeir kenndu í spurningum 1-10 þegar kom að viðmóti og hve skýr nemendum þótti kennarinn. Einnig er fylgnin há við það hvort nemendur telja sig fá verkefni og próf til baka með upbbygjandi athugasemdum.
- Nemendur eru mun gjarnari á það að nefna kennarana þegar þeir segja hvað þeim þykir best en kennsluna þegar þeir benda á það sem mætti laga. Enginn nemandi kvartaði yfir skorti á vinnufriði í tímum sem er ánægjulegt.

Reykjavík í september 2023

Unnar Þór Bachmann (gæðastjóri)


## Viðauki A: Spurningar í kennslukönnun

1. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni.
2. Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar.
3. Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans.
4. Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.
5. Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.
6. Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans.
7. Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.
8. Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr.
9. Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér.
10. Þessi áfangi er vel skipulagður.
11. Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1 – 10?
12. Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
13. Hvað finnst þér best við áfangann?



## Viðauki B: Fylgni milli tölulegra svara í spurningum 1-11

Fylgni milli meðaltals tölulegra svara hópanna 52 í áfanga- og kennslumati vorið 2023



# Viðauki C: Punktamyndir af tölulegum svörum 1-11

